

Fréttabréf



60 ár frá stofnun FBÁ

Sumarútleiga 2019

Tillaga uppstillingarnefndar



BRIDGE

Frá því í haust hafa verið haldin bridge-kvöld í Borgartúni 30 annan hvern fimmtudag. Áfram verður haldið á nýju ári og verður spilað aðra hverja viku fram til vors. Spilað er í sal félaganna á sjöttu hæð í Borgartúni 30 og allir velkomnir.

Eftirfarandi er mótaröðin á vorönn 2019:

Byggið tvímenningur 7. og 21. febrúar.

Sveitakeppni Húsasmiðjunnar 7. og 21. mars.

Lokakvöld og einmenningur er 5. apríl

Spilamennska hefst kl. 19:30 stundvíslega.

Allir félagsmenn velkomnir

VEIÐIKORTIÐ

Veiðikortið 2019 er komið í sölu hjá FIT og selst vel að vanda. Ekki er mikil breyting frá fyrra ári.

Veiðikortið 2019 veitir nær ótakmarkaðan aðgang að 34 vatnasvæðum vítt og breitt um landið. Með kortinu fylgir handbók þar sem má finna leiðbeiningar og reglur. Kortið gildir fyrir einn fullorðinn. Börn yngri en 14 ára veiða frítt í fylgd korthafa.

Kortið er ekki skráð á nafn þannig að auðvelt er að nota það í gjafir. Það eina sem þarf að gera er að fara inná heimasíðu FIT, velja miðasölu og kaupa kort. Hver félagsmaður getur keypt eitt kort. Kortið kemur síðan með póstinum. Kortið kostar 7.900 kr. á almennum sölustöðum en 4.000 kr. á orlofsvef FIT.

ÚTILEGUKORTIÐ

Með hækkandi sól mun Útilegukortið einnig verða til sölu á orlofsvef FIT.

Því miður eru ekki komnar upplýsingar um verð á korti ársins en það verður niðurgreitt af FIT. Kortið veitir tveim fullorðnum og fjórum börnum undir 16 ára aldri fría gistingu á tjaldsvæðum samstarfsaðila Útilegukortsins í allt að 28 gistinætur á hverju starfsári þess. Engin takmörk eru fyrir því hve oft má koma á hvert tjaldsvæði innan gistináttanna 28 en einungis má gista í fjórar nætur samfelt í hvert skipti. Útilegukortið gildir fyrir tjöld, tjaldvagna, fellihýsi, hjólhýsi og húsbíla.

VIÐ ERUM Á FACEBOOK

Líkaðu við facebook síðu FIT

Við minnum á að allar fréttir af fit.is birtast jafnóðum á facebook-síðu félagsins. Þar á meðal allar tilkynningar um laus orlofshús en laus hús eru auglýst með litlum fyrirvara ef einhver hefur hætt við bókun. Þá er hægt að grípa hnossið og skella sér í bústað yfir helgi.

IDAN-FRÆÐSLUSETUR

Ný námskeið á vorönn

Við hvetjum félagsmenn til að kynna sér hvað IDAN-fræðslusetur hefur upp á að bjóða á vorönn. Á hverri önn eru fjölbreytt námskeið haldin í IDUNNI, bæði sérhæfð fagnámskeið og námskeið almenns eðlis.

Verð á námskeið IDUNNAR eru tvenns konar. Félagsmenn sem greitt er af í endurmenntunarsjóð, af atvinnurekanda, greiða lægra gjald þar sem búið er að niðurgreiða þau námskeið fyrir félagsmenn. Allar upplýsingar um námsframboð er að finna á heimasíðu IDUNNAR: idan.is

ÚT Í BLÁINN

Mínum á ferðirnar „Út í bláinn“ sem verða að venju á vorönn 2019. Ferðirnar eru þátttakendum að kostnaðarlausu. Allir vilja stunda útivist og gönguferðir og hvað er þá betra en að fara út í bláinn einu sinni í mánuði fram á vor. Farið er í léttar gönguferðir í hópi fólks þar sem gleðin og góða skapið eru í öndvegi. Þetta er tilvalið tækifæri til að sameina fjölskylduna í léttari gönguferð

Miðað er við að ferðir verði ávallt síðasta sunnudag mánaðarins og er lagt af stað frá Borgartúni 30 kl. 13.00 og áætluð heimkoma kl. 16.00. Fylgist með auglýsingum á heimasíðu FIT eða hringið í Þjónustuskrifstofuna í síma 535 6000 til að fá nánari upplýsingar.



Viðræður þokast

Viðræður um nýja kjarasamninga eru í fullum gangi og hverfist grunnurinn að nýjum samningum um nokkur mikilvægustu hagsmunamál okkar iðnaðarmanna. Má þar nefna styttingu vinnuvikunnar, svigrúm til launahækkana, húsnæðismál, skattamál, lífeyrismál og launakerfið sjálft. Reynsla við samningaborðið skiptir miklu og því fengur í þeim sterka hópi sem heldur fram málum okkar við fulltrúa atvinnulífsins. Þó viðræður gangi hægt, miðar þeim hægt og bítandi áfram, ekki síst vegna þeirrar miklu vinnu sem þegar hefur verið unnin á skrifstofunni við undirbúning, gagnaöflun og útfærslu hugmynda okkar sérmála. Þó er staðan viðkvæm og ljóst að brugðið getur til beggja vona, enda ekkert í hendi fyrr en búið er að undirrita nýja samninga. Hins vegar er sú samheldni og samstaða sem iðnaðarmenn sýna í þessum viðræðum til mikillar eftirbreytni.

Jákvæðir hlutir í farvatninu

Ef litið er til nokkurra jákvæðra þátta, er hægt að segja að viðræður okkar iðnaðarmanna við Samtök atvinnulífsins um styttingu vinnuvikunnar hafi þegar komist lengra en margir bjuggust við. Vinnuvikan á Íslandi er með því lengsta sem þekkist og krafa okkar hvað þetta varðar er einföld; við viljum styttri vinnuviku án nokkurrar launaskerðingar. Þá hefur orðið jákvæð þróun hvað varðar aðgerðir í húsnæðismálum og skattamálum. Loks er hægt að nefna að við höfum lagt á það áherslu að komandi kjarasamningar verði afturvirkir til áramóta og hafa samningsaðilar tekið undir það með fyrirvara. Þá má nefna að við iðnaðarmenn höfum opnað fyrir þann möguleika að gera styttri kjarasamning til að liðka fyrir langtímabreytingum, eins og með styttingu vinnuvikunnar, og er það raunhæfur möguleiki.

Kennitölufلاك og keðjuábyrgð á borðinu

Að sama skapi liggja sem fyrr ákveðnir hlutir þungt á okkar mönnum. FIT hefur verið í fararbroddi í baráttunni gegn

því kennitölufلاكki sem hefur alltof lengi fengið að þrífast á íslenskum vinnumarkaði með tilheyrandi skuldaslóða, ógreiddum launum og óreiðu. Hið sama má segja um keðjuábyrgðina. Við höfum ítrekað þá skoðun okkar að keðjuábyrgð eigi að ná til alls vinnumarkaðarins, enda um meinsemd að ræða sem ætti að vera fyrir löngu búið að uppræta úr okkar þjóðfélagi. Starfsmannaleigur, sem spretta upp eins og gorkúlur, flytja inn erlent vinnuafli og greiða laun langt undir því sem eðlilegt telst og rukka starfsmenn svo um óhóflega húsaleigu og fleiri gjöld, hafa

Vinnustaðaeftirlit ber árangur

Að sama skapi ber að fagna að ekki verður betur séð en að öflugt og skilvirkt vinnustaðaeftirlit okkar sé að bera árangur. Æ færri brot koma upp við þetta eftirlit, þó vissulega séum við enn að standa menn að verki við ótrúlegustu hluti. Við höldum þessu mikilvæga eftirliti að sjálfsögðu áfram og hvetjum félagsmenn okkar til að vera á varðbergi og aðstoða okkur við að uppræta þessa óværu á okkar vinnustöðum.

SAMHELDNI OG SAMSTAÐA Í KJARA-MÁLUM



Hilmar Harðarson
formaður

ekkert erindi inn á vinnumarkaðinn. Baráttan gegn þessum þáttum heldur áfram.

Jafngildi og launajafnrétti

Framlagning frumvarps um jafngildingu iðnnáms og stúdentsprófs er fagnaðar efni og gott að sjá þetta baráttumál okkar komið inn á borð Alþingis. Það væri mikilvægt innlegg í framtíðarsýn aðila vinnumarkaðarins að sjá þetta verða að veruleika og slík viðurkenning á mikilvægi iðngreina staðfestir þau verðmæti sem felast í fjölbreytni í bakgrunni þeirra sem hafa háskólamenntun. Þá hefur orðið afar jákvæð þróun hvað varðar fjölgun kvenna í námi í bÍlgreinum. Æ fleiri konur sækja sér nú nám í þessari grein og nú skiptir miklu að halda vel á spöðunum og tryggja áfram það sjálfsagða launajafnrétti kynjanna í iðngreinum sem ríkt hefur.

Endurnýjun í stjórn og trúnaðarmannaráði

Talsverð endurnýjun verður í stjórn FIT á næsta aðalfundi og er það vel. Endurnýjun er alltaf nauðsynleg og ferskleiki í hugsun og nálgun þeirra verkefna sem bíður hvernar stjórnar er mikilvæg. Áhugi félagsmanna á að koma að stjórn félagsins er þakkarverður. Hið sama má segja um trúnaðarmannaráð, en þar mun einnig verða talsverð endurnýjun. FIT er lifandi félag þar sem breytingar í þjóðfélagi og fjölskyldumynstri koma fram, yngri félagsmenn koma með sínar áherslur og sjónarmið og slíkt endurspeglast í endurnýjun þeirra sem koma að stjórn félagsins. Áhugi félagsmanna á félaginu hefur alltaf verið mikill og í því liggur mikill styrkur okkar, bæði út á við og inn á við. Við byggjum á samheldni, samstöðu og samvinnu, því við vitum að þannig eru okkur allir vegir færir.



Félag byggingariðnaðarmanna Árnessýslu 60 ára

Sextíu ár frá stofnun FBÁ sem er eitt af þeim félögum sem myndar grunninn sem síðar varð að Félagi iðn- og tæknigreina

Mánudaginn 20. apríl 1959 komu nokkrir iðnaðarmenn í byggingageiranum saman á Selfossi og ákváðu að stofna félag um hagsmuni sína. Þetta voru iðnaðarmenn af ýmsu tagi.

Nokkur undirbúningur hafði átt sér stað fyrir fundinn. Þannig voru tilbúin drög að lögum félagsins, sem og hugmyndir um félagsgjöld. Í fundargerð kemur fram að það hafi verið trésmiðir sem höfðu forgöngu um stofnun félagsins.

Í stofnfundargerð kemur fram að Jón Kristjánsson hafi sett fundinn og skipað Sigurð Ingimundarson fundarstjóra og nafna hans Guðmundsson fundarritara. Fundarritarinn las uppkast að lögum fyrir félagið og gaf síðan orðið laust. Í fundargerðinni kemur fram að nokkrar breytingar hafi verið gerðar á drögunum, en ekki hverjar þær voru. Á hinn bóginn gefa fyrirspurnir Kristjáns Finn-bogasonar og svör Jóns Kristjánssonar við þeim góða hugmynd um hvers konar félag hugmyndin var að stofna þarna á fundinum.

1. Hversu stórir meistarar mega vera í félaginu?

Svar: Skv. 5. grein félagslaga má enginn vera í félaginu sem er atvinnurekandi í það stórum stíl að hagsmunir hans standi nær vinnukaupanda en verkafólki að áliti félagsfundar.

2. Hvaða réttindi þurfa menn að hafa til að fá inngöngu í félagið. Nægir að menn hafi vinnuréttindi eða staðbundin réttindi?

Svar: Skv. 3. grein félagslaga hafa þeir einir rétt til inngöngu, sem lokið hafa tilskyldu námi og staðist sveinspróf í húsa-smíði, húsgagnasmíði, málaraíðn, múrverki eða pípulögnum.

3. Hefur undirbúningsnefndin aflað sér upplýsinga um hversu há árgjöld eru í hliðstæðum félögum?

Svar: Í hliðstæðum félögum er árgjald félagsmanna 10-15 krónur á viku. Í framlögðum félagslögum er lagt til að árgjaldið verði ákveðið frá ári til árs.

Sigurður Ingimundarson velti fyrir sér hver tilgangurinn væri með stofnun þessa félags; hvaða gagn félagsmenn gætu haft af því. Hann benti á að æskilegt væri að félagið hefði að einhverju leyti með mannaráðningar á vinnustöðum að gera. Einnig gætu iðnaðarmenn stofnað ýmsa sjóði með slíkum samtökum, til stuðnings félagsmönnum.

Mynd tekin af byggingamönnum árið 1959 þegar hafist var handa við byggingu annars áfanga Mennta-skólans á Laugarvatni.



Eftir að umræðum lauk var fyrsta stjórn Félags byggingariðnaðarmanna Árnassýslu kjörin og var hún þannig skipuð:

Jón B. Kristinsson, formaður
 Sigurður Guðmundsson, ritari
 Friðrik Sæmundsson, gjaldkeri
 Guðmundur Guðnason, varaformaður
 Sæmundur Bæringsson, meðstjórndandi.

Stofnfélagar hafi verið 28 en ekki kemur fram hvort þeir hafi allir verið mættir á fundinum eða hvort einhverjir þeirra gerst stofnfélagar síðar.

Sjúkrasjóður og ASÍ

Það er augljóst að stjórnarmenn hafa ekki setið auðum höndum, því á fyrsta aðalfundi félagsins, 27. mars 1960, er samþykkt að stofna sjúkrasjóð og skyldi hluti félagsgjalda renna í þann sjóð.

Á félagsfundi 6. nóvember sama ár kemur fram að sótt hafi verið um aðild að Alþýðusambandi Íslands en þeirri beiðni hafi verið synjað. Ástæðan var sú að innan félagsins væru menn sem hefðu aðra í þjónustu sinni. Á fundinum var samþykkt tillaga um að færa þá félagsmenn á aukaskrá sem hefðu aðra í þjónustu sinni. Var það samkvæmt uppástungu stjórnar Fulltrúaráðs verkalyðsfélaga Árnassýslu. Slík tilhögun átti að auðvelda félaginu inngöngu í ASÍ.

Viku síðar, 13. nóvember, er enn boðað til fundar og þá til að kjósa einn fulltrúa á 27. þing ASÍ og einn til vara. Á fundinum kom fram að fyrrnefnd breyting á meðlimaskrá félagsins gerði að verkum að rétt væri að senda fulltrúa á ASÍ-þingið, þar sem líklegt væri að Félags byggingariðnaðarmanna Árnassýslu yrði tekið inn í Alþýðusamband Íslands. Fyrsti fulltrúi FBÁ á ASÍ-þing var kjörinn Guðmundur Helgason og varamaður hans Jón B. Kristjánsson.

Í skýrslu formanns á aðalfundi 19. mars 1961 kom síðan fram að félagið hefði verið tekið í Alþýðusamband Íslands.

Sameiningar, samstarf og félagsslit

Saga FBÁ er í raun keimlík sögu annarra verkalyðsfélaga; gerist mest á sviði kjara- og réttindabaráttu. Félagið geldur nokkuð smæðar sinnar og leitar samstarfs við önnur verkalyðsfélög til að auka styrk sinn. Í upphafi tíunda áratugar síðustu aldar gengur félagið í Samband byggingarmanna (SBM) og jafnvel rætt um hugsanlega sameiningu félagsins og Trésmiðafélags Reykjavíkur. Þriggja manna nefnd var skipuð til að skoða það mál. Á félagsfundi í desember 1992 var sameining SBM og Málm- og skipasmiðasambandsins (MSÍ) til umræðu. Gestur fundarins, Þorbjörn Guðmundsson frá SBM, lætur þess getið í máli sínu að á síðasta SBM-þingi hafi fulltrúar FBÁ einmitt þrýst fast á um skipulagsmál.

Á félagsfundi í ársbyrjun 1995 sagði formaðurinn, Ármann Ægir Magnússon, frá fundi sem fram hafði farið í desember árið áður.



Stjórn Félags byggingariðnaðarmanna í Árnassýslu. Efri röð f.v.: Valdimar Þórðarson, Ágúst Magnússon, Erlendur Guðmundsson og Guðmundur Helgason. Neðri röð f.v.: Hákon Halldórsson, Páll Árnason, Sigurður Ingimundarson og Einar Eliasson.

Þar höfðu fulltrúar frá FBÁ og iðnaðarmannafélagi Rangæinga hitt iðnaðarmenn úr Vestur Skaftafellssýslu. Fundarmenn urðu sammála um að kanna vilja til að stofna félag sem næði yfir svæðið frá Lómagnúpi í austri að Kópavogi (Hellisheiði) í vestri.

Á þessum félagsfundi FBÁ er samþykkt ályktun, orðuð svo í fundargerð:

Félagsfundur FBÁ samþykkir fyrir sitt leyti að stofnað verði sunnlenskt iðnfélag sem nái yfir Suðurland frá Lómagnúpi að Kópavogi í vestri. Stofnfundur verði 12. mars 1995 ef tillagan fæst samþykkt í báðum félögum.

Þann 12. mars 1995 er svo síðasti aðalfundur FBÁ haldinn, þar sem félaginu er slitið.

„Að lokum þakkaði formaður öllum fyrir fundarsetu og samstarf á liðnum árum og sleit síðan þessum síðasta fundi Félags byggingariðnaðarmanna Árnassýslu,” segir í fundargerð.

Lauk þar með sögu Félags byggingariðnaðarmanna Árnassýslu.

Ármann Ægir Magnússon var síðasti formaður FBÁ og því tilvalið að taka hann tali við þessi tímamót.

Patreksfirðingurinn Ármann Ægir Magnússon flutti suður í Hveragerði til að læra húsasmiði þegar hann var 21 árs gamall. Félagsmálaáhuginn vaknaði fljótlega; hann var kosinn formaður Iðnnemasambands Íslands á námsárunum, „tók við af Þorbirni Guðmundssyni húsasmið,” segir hann.

Eftir að hafa lokið námi og sveinsprófi flutti hann ásamt Raket Mónu Bjarnadóttur, eiginkonu sinni til Strömmen í Noregi. Þar starfaði hann við trésmíði í tvö ár og Raket sem leikskólakennari.

Eftir heimkomuna árið 1979 gekk Ármann Ægir í FBÁ.

„Ég hafði mig ekkert í frammi í félaginu. Mætti á fundi en sagði lítið og lét ekkert til mín taka á neinn hátt, fyrr en ég bauð mig fram til formanns á aðalfundi 1991.”

–Varstu beðinn að bjóða þig fram?

„Nei, ég bara tranaði mér fram þarna á fundinum. Ég fann að



Ármann Ægir Magnússon.

eitthvað var að, einhver hnútur í samskiptunum við meistarana, vegna innheimtu gjalda aftur í tímann. Mér fannst að þeir sem stjórnuðu félaginu væru orðnir of stór hluti af vandanum til að geta leyst hann, svo ég bauð mig fram.”

Ekkert mótframboð kom í formannskjörinu þannig að Ármann Ægir varð sjálfkjörinn. Hann var formaður FBÁ þar til það var lagt niður 1995 og Sunniðn stofnað.

–Og alltaf sigldur lygn sjór?

„Ekki alltaf, en oftast þó. Í verkföllum vildi slá í brýnu. Ég man að einu sinni vorum við í verkfallsvörslu í Þorlákshöfn og höfðum þann háttinn á að ef þeir voru að vinna sem ekki máttu það, tókum við af þeim verkfærin og settum í skottið á bílnum mínum. Þegar við komum að trésmiðjunni Mát, sem heitir Fagus í dag, voru þar nokkrir að og við tókum af þeim verkfærin og stungum í skottið hjá mér. Einn eigandinn, mikið heljarmenni, óð að mér og hóf mig á loft með annarri hendi og hafði á orði að réttast væri að drepa mig. Lét samt orðin duga.

Þegar við svo komum á Selfoss úr þessari ferð fór ég í skottið að sækja tólin, en þar voru þá engin verkfæri. Í ljós kom að félagar mínir í verkfallsvörslunni höfðu tekið þau úr bílnum mínum og falið þau. Þeir vissu að þetta var ólögleg aðgerð og vildu vernda mig.”

–Það er mikið að gera í samstarfs- og sameiningarmálum á þeim tíma sem þú ert formaður. Þið gangið í Samband byggingarmanna, veltið fyrir ykkur hugsanlegri sameiningu við Trésmiðafélag Reykjavíkur og gerið ykkur mjög gildandi í umræðum um skipulagsmál á SBM-þingum.

„Stækkun félagssvæðisins og aukin samvinna iðnaðarmanna hafði lengi verið áhugamál mitt. Meðan uppi voru hugmyndir um að við sameinuðumst Trésmiðafélaginu reistum við okkur meira að segja sumarhús í landi TR, Stóra-Hofi í Gnúpverjahreppi. Síðan þróuðust mál þannig að ég fór að ræða við menn annars staðar. Menn eins og Yngvar Þorsteinsson á Hellu. Við tveir urðum miklir trúnaðarvinir. Við höfðum samband við fleiri félagsmálamenn í austurhlutanum og mótuðum þannig hugmyndina um eitt félag iðnaðarmanna í byggingariðnaði í Árnes-, Rangárvalla- og

Skaftafellssýslum. Undirtektirnar voru mjög jákvæðar, ekkert mál að fá menn til að vera með.

Þegar við Yngvar byrjuðum að ræða þessi mál átti Verkalýðsfélagið Þór á Hellu eigið húsnæði. Yngvar veiktist illa meðan á þessu ferli stóð, dauðveikur í nýrunum. Hann tók af mér loforð áður en hann dó, að nýja félagið myndi halda verkalýðshúsinu og það varð. Nú er búið að sameina bæjarskrifstofurnar á Hellu og Verkalýðshúsið í einu húsi, ef svo má segja.

FBÁ átti á þessum tíma hlut í hæð að Eyravegi 15, á móti verslunarmönnum sem við vorum í samstarfi við. Við eignuðumst svo hálfa hæð á Eyravegi 29 og vorum alltaf með starfsmann í hálfu starfi eftir það. Seinna fluttum við svo að Austurvegi 56.”

Viðræður iðnaðarmanna vítt og breitt um Suðurland gengu vel. Svo vel að á félagsfundi í FBÁ í janúar 1995 skýrir formaðurinn frá fundi sem hann hafði átt 20. desember árið áður með fulltrúum Iðnaðarmannafélags Rangæinga og iðnaðarmönnum úr Vestur-Skaftafellssýslu.

„Á þessum fundi urðum við sammála um að kanna vilja manna til að stofna félag sem næði yfir svæðið frá Lómagnúpi í austri að Kópavogi í vestri. Einnig að á fyrirfram ákveðnum degi skyldi leggja niður þau félög sem fyrir væru og stofna sama dag þetta nýja félag byggingariðnaðarmanna.“ Á fundinum og lagði Ármann Ægir síðan fram tillögu um hvernig staðið skyldi að málum. Sú tillaga var samþykkt samhljóða.

„Þetta var allt mjög vandlega undirbúið, svo öruggt væri að allt færi fram samkvæmt lögum og réttinda allra væri gætt. Þannig að á síðasta aðalfundi FBÁ, 12. mars 1995, var samþykkt að félagið skyldi lagt niður og sameinað byggingarmönnum í Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu í nýju félagi. Sama dag var nýja félagið formlega stofnað á Hvolsvelli og hlaut nafnið Sunniðn.”

Ármann Ægir var kosinn fyrsti formaður Sunniðnar. Aðrir í fyrstu stjórninni voru þeir Sverrir Einarsson, Selfossi; Sveinn Þórðarson, Vík; Árni Þorgilsson, Hvolsvelli og Ingólfur Rögnvaldsson.

Sunniðn starfaði í 8 ár, þar til það sameinaðist Félagi iðn- og tæknigreina, FIT, árið 2003 og var lagt niður í kjölfarið. Þá var Ármann kjörinn gjaldkeri FIT og gegnir því starfi enn.

–Var enginn á móti því að leggja Sunniðn niður?

„Nei, eiginlega ekki. Kannski einn eða tveir, en almennt var stuðningurinn mjög afgerandi. Við ferðumst í alla kjarna á Suðurlandi og héldum fundi. Það var bara gleði og gaman. Það er reyndar skemmtilegt að geta þess, að söðlasmiðir á Suðurlandi gengu í Sunniðn á sínum tíma.”

–Finnst þér stofnun félags á borð við FIT hafa verið fyrirhafnarinnar virði fyrir félagsmenn?

„Ekki spurning. FIT er aðili að Samiðn, sem er samband 12 verkalýðsfélaga víða um land og er öflugt samband.

Þegar við vorum komnir í FIT héldum við áfram að rækta sambönd við menn í félögum utan félagsins og fá þá í samstarf með okkur.

Eitt af því ánægjulegasta sem áorkað hefur verið er stofnun IÐUNNAR-Fræðsluseturs. Ég held því fram að IÐAN sé hreinn lífslexír. Hildur Elín Vignir framkvæmdastjóri og aðrir starfsmenn IÐUNNAR hafa lyft grettistaki í þeim efnum,” segir Ármann Ægir að lokum.

Haukur Már Haraldsson



Er hægt að spá um framtíð ökutækja og samgangna?

Hvað er nú helst að gerast í þessum efnum í heiminum nú um stundir og þá helst í þeim hluta hans sem við þykjumst tilheyra? Hér heima eru rafbílur orðnir algengir og standa sig vel tæknilega séð en drægnin dugir ekki til lengri ferða. Bílar með brunahreyfla eru á stöðugu róli. Hér er semsagt ekkert byltingarástand enn sem komið er. En er von á því? Flestir bílaframleiðendur eru að fíkra sig yfir í rafmagníð og ýmsir komnir til sögunnar sem við höfðum ekki tekið eftir. Flestir þekkja rafbíla frá þessum gömlu sem hér hafa verið um nokkra hríð, sumir lengi aðrir skemur. Varla við öðru að búast en að framleiðendur kappkosti að mæta kröfum almennings um notagildi og ekki síst drægni en þar eru stórstígar framfarir. Við bestu aðstæður gætu nokkrir algengir rafbílur náð hátt í fimmhundrað km drægni og dæmi er um u.þ.b. 600 km. Gaman er að geta þess að nokkrir nýir framleiðendur rafbíla hafa komið til sögunnar. Margir þeirra gera út á markað þeirra velstæðu, nefni nokkra: TESLA sem er þekkt merki sem stendur sig vel, KARMA Revera ([karmaautomotive.com](https://www.karmaautomotive.com/)) sem eru sportbílur en ekki á hvers manns vörum ennþá. RIVIAN sem er frá USA, eins og Tesla, þeir gera út á jeppa- og pallbílamarkaðinn. BYTON ([byton.com](https://www.byton.com/)) mjög framúr-stefnulegur fólksbílur sem er að koma í framleiðslu í Kína en á uppruna sinn hjá tæknimönnum sem voru áður hjá BMW og NISSAN. Þá eru miklar framfarir í ökutækjum til vöruflutninga. Ýmis tölvutækni t.d. að aka mörgum slíkum í lest með nánast ekkert bíl á milli þeirra og aðeins ökumann í fremsta ökutækinu er þegar raunverulegt. Rafknúnin vöruflutningatæki eru þegar í burðarliðnum. Þar er m.a. lítið fyrirtæki, Thor Trucks (<https://www.thortrucks.com/>) sem lofar góðu. Miðað við sambærilegt olíuknúið ökutæki er eldsneytiskostnaður u.þ.b. 70%

lægra á ekinna km miðað við einingasamanburð á rafmagni og olíu, rafhlöðurnar leyfa hins vegar ekki meiri drægni en tæplega 500 km og er það verulega lakara en olíubrennarnir, hámarkshraði er 7 % meiri, viðhald á ekinna km er \$ 0.04 en á þann olíuknúna \$ 0.12. Þyngdin er áþekk og sambærilegra ökutækja.

Rafbílur eru ýmiskonar. Þeir geta verið hreinir rafbílur með rafhlöðu eða tvínn bílar með rafhreyfil og brunahreyfil sem hleður inn á rafhlöðu. Þá eru til rafbílur með efnarafala, þar eru á ferðinni vetnis-knúnir bílar og eru margir frameiðendur að spá í þennan afgang.

Sjálfakandi ökutæki

Heitasta umræðuefnið í samgöngumálum í okkar heimshluta eru sjálfakandi ökutæki og samnýting farartækja. Rafbílavæðingin og reyndar rafvæðing farartækja er lykillinn að þessu. Sjálfakandi ökutæki eru varla búin að slíta barnsskónum. Mikið er tekist á í umræðu um þetta málefni; hverjir eru kostirnir, hverjir eru gallarnir, hvaða afleiðingar hafa breyttar samgöngur á samfélagið? Ekki verður á móti mælt að það er allt of mikið af ökutækjum í heiminum og óþarft að ræða umferðahnútana sem allir þekkja. Getu sjálfakandi ökutæki breytt þessu? Hvað með allt landssvæðið sem ökutæki sem ekki eru í notkun leggja undir sig? Er hægt að fækka ökutækjum en samt bæta samgöngur og flutninga? Hefur einhver trú á óbreyttu ástandi? Greiðir Borgarlínan úr umferðarvandinum?

Samnýting ökutækja – er það innlegg í umræðuna? Margir hafa óbeitt á hugtakinu og sjá fyrir sér ástand í líkingu við það sem er á Kúbu þar sem þeir sem þurfa far standa á biðstöðum við þjóðvegina og bíða eftir



næsta ökutæki. Ökumenn sem ekki taka farþega ef þeir hafa pláss fá orð í eyra. Samnýting af þessu tagi er ekki okkar lausn. Sjálfakandi ökutæki gera þó samnýtingu mögulega en að uppfylltum ákveðnum kröfum. Þessar kröfur eru settar fram í staðli SAE J3016 um sjálfvirkniþrep ökutækja sem settur var að frumkvæði SAE (Society of Automotive Engineers) og verða ökutæki ekki endanlega hæf til allrar almennrar notkunar nema að uppfylltu þrepi 5 sem sjá má í eftirfarandi samantekt um staðalinn:

- **Þrep 0 (Engin sjálfvirkni):** Sjálfvirkir kerfi gefur viðvörun og gæti gripið inni en hefur engin varanleg áhrif á stjórn ökutækisins.
- **Þrep 1 (Aðstoð við ökumanninn):** Ökumaður og sjálfvirkir kerfi deila með sér stjórn ökutækisins. Dæmi um þetta er Aðlagð hraðastilli (Adaptive Cruise Control ACC), þar sem ökumaður stýrir ökutækinu en sjálfvirkur búnaður stjórnar hraðanum og Stæðisaðstoð (Parking Assistance) þar sem ökutækinu er stýrt sjálfvirk en hraðanum handvirk. Ökumaðurinn verður þó að vera tilbúinn til að taka yfir alla stjórnun hvenær sem er. Akreinarvöktun (Lane Keeping Assistance LKA) er frekara dæmi um sjálfakstur á Þrepi 1.
- **Þrep 2 (Sjálfvirkni að hluta):** Handfrjálst sjálfvirkir kerfi tekur yfir alla stjórn ökutækisins (hröðun, hamlun og stýri). Ökumaðurinn fylgist með akstrinum og verður að vera tilbúinn að yfirtaka stjórnina umsvifalaust ef sjálfvirka kerfið bregst ekki rétt við. Orðið handfrjáls á ekki að taka bókstaflega. Í raun er snerting handar við stýrið nauðsynleg í akstri til að staðfesta að ökumaðurinn sé tilbúinn til að grípa inni.
- **Þrep 3 (Skilyrt sjálfvirkni):** Ökumaðurinn getur áhættulaust flutt athyglina frá akstrinum t.d. til að skrifa skilaboð eða horfa á kvikmynd. Ökutækið ræður við aðstæður sem krefjast skjótra viðbragða eins og neyðarhæmlun. Ökumaðurinn verður að vera viðbúinn til að grípa inni innan tiltekins tíma sem ákveðinn er af framleiðanda ökutækisins þegar ökutækið þarfnast þess. Dæmi um þetta er árgerðin 2018 af Audi A8 Luxury Sedan sem var fyrsta almenna ökutækið sem átti að fullnægja Þrepi 3 um sjálfakstur. Þetta tiltekna ökutæki var með svonefndan Traffic Jam Pilot eða Umferðateppuleiðsögn. Þegar leiðsögnin var gangsett af ökumanninum tók ökutækið sjálf yfir alla stjórn þess í

hægfara umferð upp að 60 km hraða. Þessi stýring virkaði aðeins á hraðbrautum með vegg eða eyju sem skildi að umferð á móti.


- **Þrep 4 (Mikil sjálfvirkni):** Eins og á Þrepi 3 en athygli ökumannsins er óþörf og hann getur áhættulaust sofnað eða farið úr ökumannssætinu. Sjálfakstur takmarkast við tiltekin Raunsvæði (Geofenced) eða við sérstakar aðstæður svo sem í umferðar-teppum. Utan þessara aðstæðna verður ökutækið að geta hætt akstrinum og staðnæmst í stæði ef ökumaðurinn tekur ekki yfir stjórnina.
- **Þrep 5 (Alsjálfvirk):** Mannlegt inngrip algjörlega óþarft. Dæmi um þetta væri sjálfstæður, sjálfakandi leigubíll.

Til þess að alsjálfvirkir kerfi virki er ekki nóg að hafa ökutæki sem ekið geta án ökumanns. Þau þurfa að hafa samband við önnur ökutæki, sjá og skynja umhverfið ekki bara akbrautina, hafa aðgang að nákvæmu korti/yfirliti yfir landssvæðið sem það starfar í, geta séð um sig sjálf t.d. með því að sækja sér orku til að knýja sig og vera í sambandi við notendur.

AutonomyChain er líklega eitt þróaðasta netkerfið á sínu sviði en það er blokkkeðja í tölvuskýi sem getur tengt öll sjálfakandi ökutæki við skýið þannig að þau geti skipst á gögnum og haft samskipti við hvert annað, við farsímaöpp, við umferðarskynjara og þriðju aðila. Fjölmargir framleiðendur og fyrirtæki eru eins og fyrr sagði að þróa sjálfakandi ökutæki. Þeim gengur misvel, sumir eru komnir það langt að þeir eru með ökutæki í umferð. Hér er Uber leigubílafyrirtækið fremst í flokki. Uber þekkja margir eftir ferðalög í útlöndum. Appið þeirra er mjög fullkomið. Þegar óskað er eftir bíl gefur maður upp staðsetningu sína og hvert skal halda. Á skjá snjallsímans sjást lausir bílar og hve langt frá þeir eru. Síðan koma upplýsingar um hvaða bíll komi, tími sem ferð hans tekur og á skjánum má sjá hvernig honum miðar og svo hver ökumaðurinn er. Þegar að því kemur að ökutæki verða sjálfakandi hverfur vitaskuld nafn ökumannsins. Sjálfakandi ökutæki verða ekki raunveruleg nema með samræmdu netkerfi. Autonomy mun einfalda akstur, gera hann öruggari og ekki síst á kerfið að nýta allar upplýsingar, hvernig svo sem þeirra var aflað eða í hvaða formi þær eru. Allar greiðslur eða þóknun innan kerfisins verða í rafmynt þannig að hefðbundnir gjaldmiðlar koma aðeins við sögu við uppgjör við kerfið.

Hvernig gæti umhverfi sjálfakandi ökutækja sem AutonomyChain þjónar litið út?

Aðilar eða „stöðvar“ í slíku gangverki sjálfakandi ökutækja eru: AUTONOMY skýið, snjallsíminn, ökutæki(n) og innviðir. Hér er dregið





saman yfirlit yfir samskipti og aðgerðir í kerfinu við algengustu aðstæður:

Ökutæki við snjallsíma og AUTONOMY skýið

Snjallsíminn sér um geiðslur fyrir flutninga eða annan verkþúnað þ.e.a.s. allskonar þjónustu. Hann stjórnar ökutækinu þínu og lætur það fara frá stað A til staðar B, tómt, með farþega eða flutning. Gefur fyrirmæli t.d. um að sækja skyndibita á stað A, sækja tiltekinn farþega á stað B og skila honum á stað C. Hann sér um að ökutækið verði aldrei rafmagnslaust – lætur ökutækið sækja sér áfyllingu/rafhleðslu tímanlega. Finnur næstu hleðslustöð, tekur frá stæði og greiðir fyrir það. Leggur ökutækinu eða tekur frá stæði og leggur því í tiltekinni fjarlægð eftir að hafa lokið aksturserindinu.

Tryggingar: ökutækið gæti verið vitni að umferðaróhappi. Snjallsíma-app gæti sótt myndir og umferðargögn og sett þau upp í skýrsluform sem nota mætti við tryggingauppgjör.

Öryggi: Þú lætur ökutækið sækja þig. Þegar það kemur, opnar það aðeins dyrnar fyrir þig. Það veit hver hinn rétti farþegi er vegna þess að aðeins þú getur opnað með dólköðuðum lykli.

Enginn hakkar: Autonomy útilokar hakka þannig að enginn getur yfirtekið stjórn ökutækisins. Eignaréttur og hagnýting ökutækisins er auðkennd og sannpröfuð gegnum blokkkeðjuna þannig að enginn annar getur fengið aðgang að ökutækinu þínu.

Sameign: tíu félagar gætu átt þrjú ökutæki sem mundu fullnægja þeim ferðum/flutningum sem þau þarfnast.

Ökutæki við innviði og AUTONOMY skýið

Umferðarljós: þau má aðlaga þeirri umferð sem við á. Innakstur á gatnamótum, að- og fráreinum, má aðlaga eftir umferðarþunga og jafnvel nýta fleiri akreinar í sömu átt sem annars væru í sitt hvora átt. Ökutæki geta tilkynnt hættur á vegum, umferðaróhöpp, akstursaðstæður og veðurfar. Séð er um skipulag ferða og pöntun væntanlegrar ferðaleiðar – ef gert er ráð fyrir mikilli umferð gæti „akbrautin“ sjálf gefið skilaboð um að aka aðra leið t.d. ef mikill umferðarþungi verður á leiðinni á morgun kl. 8. Akbrautin gæti tilkynnt skýinu að hún verði lokuð um tiltekinn tíma. Nýjum akbrautum er bætt sjálfkrafa inn á skýið. Við umferðaróhapp sendir ökutækið sjálfkrafa tilkynningu til neyðaraðila.

Ökutæki við ökutæki og AUTONOMY skýið

Neyðarökutæki útvarpa hvar þau eru á ferðinni þannig að sjálfakandi ökutæki geti vikið tímanlega úr vegi svo forgangsökutæki komist sem skjólast leiðar sinnar. Ökutæki lögreglu geta umsvifalaust stöðvað sjálfakandi ökutæki gegnum AUTONOMY skýið. Ef sjálfakandi ökutæki þarf að komast fljótt gegnum umferð gæti hugsast að greiða fyrir forgang. Ökutæki gætu lært þegar þau deila með sér upplýsingum um umferðaróhöpp svo allir læri af mistökum og þurfi ekki að ganga í gegnum þau sjálf. Ökutækjum má aka hraðar ef mörg eru saman í lest hvert á eftir öðru með lítið bil á milli. Netáhrif eru þau að ökutækin læra stöðugt hvert af öðru, bæta akstursvenjur og laga sig að breytingum. Þau bæta kortin og hafa samskipti við öpp þriðja aðila gegnum Autonomy skýið.

Hvenær verður það sem hér hefur verið lýst að raunveruleika? Hvað þarf til? Breytt ökutæki? Jú kannski verður mögulegt að tengja nýrri ökutæki við kerfið og á nokkrum árum, hugsanlega innan við tíu árum, verður ökutækjaflotinn allur sjálfakandi. Hvaða breytingar þarf í innviðunum; vegum og umferðarmannvirkjum? Kannski verður eðlilegt viðhald og þörf á viðeigandi endurbótum og nýframkvæmdum minni en ef engin þróun verður á þeirri umferðarmenningu sem nú er. Öfugt við það sem margir halda fram lækkar slysatiðni með sjálfakandi ökutækjum. Svona má halda áfram en mesta byltingin verður í allsherjar tölvutækni sem mun gera sjálfakandi ökutæki möguleg öllum til hagsbóta.

Ingibergur Eliasson

Bífvélavirkjameistari, MEd





Umgengni og leiguverð á orlofshúsum FIT

Leiguverðið á orlofshúsum í sumarúthlutuninni 2019 verður óbreytt. FIT býður því áfram lægsta verðið til sinna félagsmanna. Stjórn orlofssjóðs hefur í gegnum tíðina lagt áherslu á að leiguverð á orlofshúsum/íbúðum til félagsmann sé eins lágt og mögulegt er.

Við minnum því á að forsenda þess að hægt sé að leigja orlofshúsin út á jafn hagstæðu verði og raun ber vitni er að leigjendum sé treyst fyrir því að þrifa vel við brottför.

Hér að neðan eru mikilvæg atriði sem vert er að lesa áður en lagt er af stað í orlofshús/íbúð FIT.

- Ef eitthvað er í ólagi í húsinu, skemmist eða brotnar meðan á dvöl ykkar stendur þá látið skrifstofu félagsins vita í síma 535 6000, eða sendið póst á netfangið fit@fit.is.
- Reykingar eru ekki leyfðar í húsinu.
- Við brottför þarf að vera búíð að setja hvern hlut á sinn stað.
- Þurkið af borðum og bekkjum, ryksugið og skúrið gólf.
- Þrífið ísskáp, eldavél, ofn, og örbylgjuofn.
- Takið úr uppþvottavél.
- Þrífið sturtu, klósett og handlaug.
- Þrífið gasgrillið.
- Tæmið heita-pottinn og þrífið hann.
(þar sem eru rafmagnspottar á þetta ekki við)

- Leigutaki þarf að sjá um að húsið sé vel þrífið við brottför. Ef frágangi eða annarri umgengni er ábótavant áskilur FIT sér rétt til að innheimta sérstakt gjald af leigutaka fyrir þríf. **Þrífagjald er að lágmarki kr. 25.000.**
- Ef um tjón eða skemmdir á húsbúnaði / eignum FIT er að ræða og kostnaður því samhliða, ber leigutaka að greiða fyrir slíkt.
- Reikningur fyrir þrifum og/eða skemmdum verður sendur félagsmanni og er gjaldfrestur reiknings 15 dagar. Sé reikningur ekki greiddur innan tiltekins frests verður reikningurinn sendur í innheimtu með tilheyrandi kostnaði fyrir félagsmanninn, jafnframt er lokað á aðgang viðkomandi félagsmanns að orlofsvefnum þar til viðkomandi hefur gert upp sín mál gagnvart félaginu.

Við brottför er ágæt regla að taka myndir þegar búíð er að þrifa allt í hólfi og gólf.

Sumarútleiga orlofshúsa 2019 (júní-ágúst)

Mánudaginn 11. febrúar klukkan 13:00 er opnað fyrir umsóknir á orlofshúsasíðu FIT þar sem hægt er að sækja um sumarúthlutun.

Fimmtudaginn 28. febrúar er lokað fyrir umsóknir um sumarúthlutun.

Mánudaginn 4. mars eiga allir að hafa fengið svar við orlofs-umsókn sinni.

Mánudaginn 11. mars lýkur greiðslufresti þeirra sem hafa fengið úthlutað.

Þriðjudaginn 12. mars klukkan 13:00 eru ógreiddar og úthlutaðar vikur settar á orlofsvefinn og þá gildir fyrstur kemur fyrstur fær.

Allar umsóknir á orlofsvefnum

Eingöngu er hægt að sækja um á netinu. Þetta gildir fyrir alla orlofskosti sem sækja þarf um. Ef umsóknin vefst eitthvað fyrir fólki má senda tölvupóst á fit@fit.is eða fá upplýsingar í síma 535-6000.

Ekki er tekið við umsóknum í síma.

Þegar sótt er um rafrænt þarf að innskrá sig með íslykli eða rafrænum skilríkjum og velja viðeigandi mánuð og tímabil í því húsi sem leigja á.

Félagsmenn eru hvattir til að sækja um sem flesta orlofskosti til að auka möguleika sína.

Sumarleiga orlofshúsa innanlands hefst föstudaginn 7. júní. Leigutímabil er frá kl. 16:00 á föstudegi til 12:00 næsta föstudag.

Ferðavagnar: Félagsmönnum stendur til boða að kaupa sér afslátt vegna leigu á ferðavagni á orlofsvef FIT. Í boði verða 30 niðurgreiðslur og kostar 5.000 krónur að fá 25.000 króna afslátt. Hver félagsmaður má einungis kaupa einn ferðavagnaafslátt.

Uppfylla þarf eftirfarandi skilyrði:

- Leigusamningur þarf að vera á nafni félagsmanns.
- Leigusali þarf að vera skráð og starfandi ferðavagnaleiga.
- Leigutími á leigusamningi þarf að vera að lágmarki 6 dagar.

Þegar búið er að kaupa afsláttinn á orlofsvefnum og prenta út skjal er hægt að fylla það út og skanna skjalið ásamt leigusamningi og senda á fit@fit.is og verða þá greiddar 25.000 krónur inn á reikning félagsmanns. Einnig er hægt að koma með pappírana á skrifstofu FIT. Athugið að þeir sem kaupa ferðavagnaafslátt geta ekki fengið forgangsúthlutun í orlofshús. Teknir eru 20 orlofspunktar af orlofsreikningi félagsmanns ef keyptur er ferðavagnaafsláttur.

Ferðaávísanir. Líkt og undanfarin sumur verður boðið uppá 30 ferðaávísanir sem hægt verður að nýta hjá Úrval-Útsýn eða Sumarferðum. Kaupa þarf ferðaávísun í miðasölu á orlofsvef FIT og greiða kr. 5.000.- en í staðinn fæst afsláttarkóði upp á

kr. 35.000.- sem sleginn er inn við kaup á ferð hjá annarri hvorri ferðaskrifstofunni. Afslátturinn gildir í ferðir á tímabilinu maí til september. Athugið að þeir sem kaupa ferðaávísun geta ekki fengið forgangsúthlutun í orlofshús. Teknir eru 26 orlofspunktar af orlofsreikningi félagsmanns ef keypt er ferðaávísun. **Opnað verður fyrir sölu mánudaginn 11. febrúar** og gildir strax að fyrstur kemur, fyrstur fær. Aðeins 30 ferðaávísanir eru til sölu.

Miðasala. Minnum einnig á að á „miðasala“ á orlofsvef FIT verður hægt að kaupa afsláttarmiða fyrir hótलगistingu, veiðikortið, golf-kortið, útilegukortið og fleira ef samningar takast um góð kjör.

Afslættir til félagsmanna. Munið að taka kortið með í friði, því að félagsskírteinið veitir afsláttarkjör í mörgum fyrirtækjum um allt land gegn framvísun þess. Hægt er að kynna sér alla afsláttarmöguleika með því að fara inn á heimasíðu FIT, mínar síður og velja afslættir.

Húsið í Orlando. Opnað verður fyrir leigu á húsinu í Orlando á Flórída fyrir árið 2020 föstudaginn 1. mars kl.13:00 til félagsmanna FIT.

Minnt er á að húsið rúmar 12 manns og sólarhringsleigan verður kr. 12.000.- auk þrífagjalds kr. 15.000.- fyrir hverja leigu. Staðgreiða þarf leiguna en bókanir og greiðsla er á orlofsvef FIT. Leiga hefst kl. 16:00 á komudag og lýkur kl. 10:00 að morgni brottfarardags.

LOKAÐ verður til 8. mars á bókanir þeirra sem hafa áður leigt húsið í Orlando

Þannig er þeim sem aldrei hafa leigt húsið veittur forgangur í 1 viku fram yfir þá sem áður hafa leigt.

Til að fá lykklakóða afhentan að húsinu í Orlando þarf leigjandi að framvísa flugmiða til Bandaríkjanna, sem sýnir veru hans þar á sama tíma og hann er að leigja húsið. Þetta er gert til að tryggja að leigjandinn í hverju tilfelli sé sjálfur að fara í húsið.



Mín framtíð 2019

**Íslandsmót iðn- og verkgreina og framhaldsskóla-
kynning verður haldin í Laugardalshöll dagana
14. - 16. mars 2019.**

Kept verður í eftirfarandi greinum á Íslandsmóti iðn- og verkgreina 2019: bakstri, bifreiðasmíði, bifvélavirkjun, bílamálun, bilanagreiningu kælikerfa, blómaskreytingum, dúk- og vegg-fóðrun, fataiðn, forritun, framreiðslu, grafískri miðlun, gullsmíði, hársnyrtiðn, hönnun vökvakerfa, kjötiðn, kælitækni, leguskiptum,

matreiðslu, málun, málsmuðu, pípulögnum, rafeindavirkjun, rafvirkjun, sjúkraliðun, skruðgarðyrkju, snyrtifræði og trésmíði.

Þessar greinar verða sýningargreinar: Múrverk og búfræði.

Skólar sem m.a. munu kynna námsframboð á framhaldsskóla-stigi eru; Tækniskólinn - skóli atvinnulífsins, Borgarholtsskóli, Fjölbautaskóli Suðurnesja, Fjölbautaskóli Vesturlands og Fjölbautaskólinn í Breiðholti.

Nánari upplýsingar má finna hér; <http://verkidn.is/>

Trúnaðarmannanám 2. hluti

Dagana 28. febrúar og 1. mars heldur Félag iðn- og tæknigreina trúnaðarmannanámskeið fyrir þá sem eru búnir með fyrsta hluta trúnaðarmannanáms í Borgartúni 30.

Þeir sem hafa áhuga og eru trúnaðarmenn á sínum vinnustað eru vinsamlegast beðnir um að hafa sambandi í síma **535-6000** eða að senda á okkur tölvupóst á **fit@fit.is**

Á námskeiðinu verður lögð áhersla á og m.a. fjallað um;

- Mikilvægi góðra samskipta á vinnustað, hvernig megi stuðla að góðum samskiptum
- Framkoma, áhrif hennar á okkur og aðra
- Afleiðingar langvarandi slæmra samskipta, eineltis á vinnustað, hvernig bregðast eigi við og ábyrgð gerenda og atvinnurekenda.
- Starfsemi stéttarfélagsins, réttindi félagsmanna
- Innihald og uppbyggingu kjarasamninga og helstu túlkun á þeim
- Kynning á sjóðum félagsins og réttindum félagsmanna í þeim

Kennarar verða; Sigurlaug Gröndal og starfsmenn FIT. Nemendur fá í hendur námsgögn sem notuð eru fyrir hvern námsþátt. Á innri vef fara fram samskipti nemenda og leiðbeinenda. Athugið að skráningu lýkur viku fyrir fyrsta námskeiðsdag.

Nemendur þurfa að skrá sig inn á innri vef Félagsmálaskólans, www.felagsmalaskoli.is Stofna aðgang með annaðhvort íslykli, rafrænum skilríkjum eða lykilorði.

Nemendur munu geta fylgst með námsframvindu sinni inni á innri vef skólans. Þar munu þeir einnig fylla út námsmat og sækja viðurkenningarskjölin að námskeiði loknu.

Munið að nauðsynlegt er fyrir nemendur að hafa meðferðis far-tölvu, ípad eða símann sinn á námskeiðin, þar sem námsefni verður meira eða minna rafrænt.



Í 17. gr. laga félagsins segir:

Fyrir 1. febrúar ár hvert skal stjórn félagsins gera tillögu um uppstillingarnefnd sem starfar á milli aðalfunda. Fyrir aðalfund ár hvert skal kjósa hluta stjórnar. Kosningu skal skipt milli ára þannig að annað árið sé kosinn formaður, sex meðstjórnendur og tveir varamenn, en hitt árið sex meðstjórnendur og þrír varamenn. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum samkvæmt ákvæðum 16. greinar.

Á aðalfundi skal árlega kjósa uppstillingarnefnd, tvo skoðunar-menn reikninga, helming trúnaðarráðs og fulltrúa í fulltrúaráð lífeyrissjóða sem FIT á aðild að. Auk þess skal kjósa fulltrúa á þing ASÍ og Samiðnar þau ár sem þau eru haldin.

Uppstillingarnefnd skal skila tillögum að framboðum í stjórn, nefndir og fulltrúaráð ár hvert og þing Samiðnar og ASÍ þau ár sem þau eru haldin og skal stjórn fyrir 1. febrúar kynna framkomnar tillögur á heimasíðu félagsins og í rafrænu fréttabréfi.

Félagsmenn geta boðið sig fram til formanns eða stjórnar hafi þeir aflað sér 20 meðmælenda og skilað framboði fyrir 20. febrúar. Komi aðeins ein tillaga fram er stjórnin sjálfkjörin, en ef fleiri tillögur koma fram skal viðhöfð allsherjaratkvæðagreiðsla eða rafræn kosning.

Um kosningu í trúnaðarráð og samninganefnd segir í 20. grein félagslaganna:

Trúnaðarráð skal starfa í félaginu. Trúnaðarráð gegnir hlutverki samninganefndar við gerð kjarasamninga.

Í trúnaðarráði skulu eiga sæti, auk félagsstjórnar, 37 félagsmenn og 37 til vara, sem kjörnir eru á sama hátt og félagsstjórn.

Skulu þeir númeraðir frá 1 – 74 og kjörnir þeir sem hafa oddatölu annað árið og jafna tölu hitt árið. Þeir skulu endurspegla sem flestar starfsgreinar og svæði félagsins. Auk þess eiga trúnaðarmenn félagsins á vinnustöðum sæti í ráðinu sem og þeir aðrir sem kjörnir eru til trúnaðarstarfa fyrir félagið.

Um kosningar í embætti hjá FIT

21. grein laganna fjallar um kjörstjórn og er eftirfarandi:

Kjörstjórn skal vera starfandi í félaginu. Hlutverk hennar er að annast um atkvæðagreiðslur um kjarasamninga, verkföll og allsherjaratkvæðagreiðslur samkvæmt lögum félagsins.

Tveir kjörstjórnarmenn og tveir til vara skulu kjörnir á sama hátt og stjórn. Vegna atkvæðagreiðslna um kjarasamninga og verkföll skipar samninganefnd þriðja kjörstjórnarmanninn og skal hann vera formaður kjörstjórnar.

Við aðrar allsherjaratkvæðagreiðslur skipar miðstjórn ASÍ þriðja kjörstjórnarmanninn og skal hann vera formaður kjörstjórnar.

Tillögur uppstillingarnefndar fyrir aðalfund 2019

TILLAGA UM HELMING STJÓRNAR TIL AÐALFUNDAR 2021

FORMAÐUR

Hilmar Harðarsson Reykjavík Bifvélavirki

MEÐSTJÓRNENDUR

Helgi Ólafsson Reykjavík Bifvélavirki

Georg Ólafsson Reykjavík Málari

Ástvaldur Sigurðsson Reykjavík Blikksmiður

Vilhjálmur Gunnarsson Akranesi Vélvirki

Ólafur Magnússon Reykjanesbæ Húsasmiður

Sigfinnur Gunnarsson Reykjavík Múrari

VARAMENN

Þorsteinn G Kristmundsson Hafnarfirði Málari

Kristrún Sif Gunnarsdóttir Hafnarfirði Snyrtifræðingur

35 Hildur Ingibjörg Sölvadóttir
Kópavogi - Tækniteiknari

37 Ingigerður Magnúsdóttir
Mosfellsbæ - Tækniteiknari

TILLAGA UM HELMING VARAMANNA Í TRÚNAÐARRÁÐ TIL ÁRSINS 2021

39 Ingólfur Rögnvaldsson
Hellu - Húsasmiður

41 Guðni Vignir Sveinsson
Reykjanesbæ - Húsasmiður

43 Einar Helgason
Reykjavík - Múrari

45 Sigmundur Guðmundsson
Reykjanesbæ - Málari

47 Óskar Baldursson
Hafnarfirði - Garðyrkja

49 Ásbjörn Árni Árnason
Sandgerði - Smiður

51 Bjarni Helgason
Reykjavík - Bifvélavirki

53 Gunnar Gunnbjörnsson
Reykjavík - Blikksmiður

55 Guðmundur Bergsson
Selfossi - Húsasmiður

57 Magnús Heiðar Björgvinsson
Akranesi - Vélvirki

59 Ægir Magnússon
Akranesi - Vélvirki

61 Bjarni Árnason
Hafnarfirði - Húsasmiður

63 Ingimundur Arngrímsson
Garði - Vélvirki

65 Halldór Bjarnason
Vestmannaeyjum - Vélvirki

67 Sigurður Gunnarsson
Kópavogi - Pípulagningam.

69 Þorsteinn Ingi Sigurðsson
Mosvellsbæ - Bifreiðasmiður

71 Áslaug Fjóra Vilhjálmisdóttir
Reykjavík - Tækniteiknari

73 Ragnheiður Meekín Ragnarsdóttir
Kópavogi - Snyrtifræðingur

TILLAGA UM HELMING AÐALMANNA Í TRÚNAÐARRÁÐ TIL ÁRSINS 2021

1 Ólafur Kristinn Hafsteinsson
Hafnarfirði - Bifvélavirki

3 Jónas Valgeir Bjargmundsson
Reykjavík - Bifreiðasmiður

5 Hörður Jóhann Geirsson
Reykjanesbæ - Bifvélavirki

7 Viðar Guðlaugsson
Kópavogi - Málari

9 Elías Óskarsson
Hveragerði - Garðyrkja

11 Gestur Pálsson
Garðabæ - Bifvélavirki

13 Heimir B Janusarson
Reykjavík - Garðyrkja

15 Ágúst Guðmundsson
Reykjavík - Blikksmiður

17 Hermann Halldórsson
Kópavogi - Bifvélavirki

19 Sigurbjörn Lárusson
Akranesi - Vélvirki

21 Unnar Friðrik Sigurðsson
Akranesi - Vélvirki

23 Sigmar Björnsson
Reykjanesbæ - Húsasmiður

25 Sveinbjörn Jónsson
Reykjanesbæ - Málmiðn.

27 Ágúst Einarsson
Vestmannaeyjum - Húsasmiður

29 Brynjar Jónsson
Hafnarfirði - Pípulagningam.

31 Svava Ásgeirsdóttir Blöndal
Reykjavík - Snyrtifræðingur

33 Sveinn Grímsson
Reykjavík - Múrari

TILLAGA FYRIR AÐALFUND 2019 UM KJÖRSTJÓRN TIL ÁRSINS 2020

AÐALMENN

Kristinn Bjarnason Reykjavík Bifvélavirki

Logi H Halldórsson Reykjanesbæ Vélvirki

VARAMENN

Ólafur Kristinn Hafsteinsson Reykjavík Bifvélavirki

Maron Tryggvi Bjarnason Reykjavík Bifvélavirki



TILLAGA FYRIR AÐALFUND 2019 UM FÉLAGSLEGA SKOÐUNARMENN TIL ÁRSINS 2020

AÐALMENN

Birgir Gíslason	Kópavogi	Málari
Ólafur Kristinn Hafsteinsson	Hafnarfirði	Bifvélavirki

VARAMENN

Unnar Friðrik Sigurðsson	Akranesi	Vélvirki
Sigfús Birgir Haraldsson	Reykjavík	Bifvélavirki

TILLAGA UM AÐAL- OG VARAFULLTRÚA Á AÐALFUND BIRTU LÍFEYRISSJÓÐS ÁRIÐ 2019

Hilmar Harðarson	Reykjavík
Tryggvi Arnarsson	Reykjavík
Helgi Ólafsson	Reykjavík
Ármann Ægir Magnússon	Hveragerði
Georg Óskar Ólafsson	Reykjavík
Helgi Pálsson	Reykjavík
Sigfinnur Gunnarsson	Reykjavík
Einar Þór Gíslason	Reykjavík
Vilhjálmur Gunnarsson	Akranes
Gunnar Björn Gunnbjörnsson	Reykjavík
Andrés Haukur Hreinsson	Állftanesi
Sveinn Jónsson	Reykjavík
Þorsteinn Kristmundsson	Hafnarfirði
Ólafur Kristinn Hafsteinsson	Hafnarfirði
Unnar Friðrik Sigurðsson	Akranesi
Birgir Gíslason	Kópavogi
Kjartan Tómasson	Kópavogur
Sigfús Birgir Haraldsson	Reykjavík
Úlfar Hróarsson	Hafnarfjörður
Gestur Pálsson	Garðabær

TILLAGA UM AÐAL- OG VARAFULLTRÚA Á AÐALFUNDI FESTU LÍFEYRISSJÓÐS ÁRIÐ 2019

Ólafur Magnússon	Reykjanesbæ
Gunnlaugur Hauksson	Sandgerði
Logi Halldórsson	Reykjanesbæ
Sigmar Björnsson	Reykjanesbæ
Guðjón Þórhallsson	Reykjanesbæ
Sveinbjörn Jónsson	Reykjanesbæ
Ásbjörn Árnason	Sandgerði

TILLAGA UM AÐAL- OG VARAFULLTRÚA Á AÐALFUNDI LÍFEYRISSJÓÐS VESTMANNA-EYJA 2019

Erlendur G Gunnarsson	Vestmannaeyjum
Rúnar Bogason	Vestmannaeyjum

TILLAGA UM AÐAL- OG VARAFULLTRÚA Á AÐALFUNDI LÍFEYRISSJÓÐS RANGÆINGA ÁRIÐ 2019

Heimir Hafsteinsson	Hellu
Ólafía B. Ásbjörnsdóttir	Hvolsvelli

TILLAGA UPPSTILLINGARNEFNDAR UM FULLTRÚA Á ÞING SAMIÐNAR 2019

Þar sem um mjög fjölmennan fulltrúahóp er að ræða gerir uppstillingarnefnd tillögu um að aðal- og varafulltrúar FIT á þing Samiðnar 2019 verði stjórn félagsins og varastjórn auk allra fullgildra félagsmanna sem kosnir hafa verið til trúnaðarstarfa á aðalfundum FIT 2018 og 2019.



Mýnd: Eit Stopp/Hreinn Magnússon

Úlfur Mikael Hjartarson og Guðmundur Ottó Grímsson, nemar í húsasmíði í Tækniskólanum, mars 2018.

Reiknum með framtíðinni!

Með magnaðri lífeyrisreiknivél á vefnum **birta.is** er einfalt mál að reikna út eftirlaun miðað við mismunandi forsendur um aldur, tekjur, viðbótarsparnað og tilgreinda séreign.

Niðurstöður eru að sjálfsgöðu vísbendingar eða viðmiðanir en ekki endanleg svör við spurningum um hve mikil eftirlaun bíði að starfsferli loknum.

Önnur reiknivél á **birta.is** sýnir greiðslubyrði sjóðfélagalána, verðtryggðra, óverðtryggðra eða blandaðra lána, miðað við breytilegar forsendur um lánstíma og vexti.

Lífeyrissparnaður og lán til fasteignakaupa varða líf og starf ævina alla. Við hvetjum ungt fólk á vinnumarkaði allveg sérstaklega til að velta fyrir sér öllum kostum og nýta meðal annars til þess reiknivélar á vefnum okkar.

Við reiknum með framtíðinni á **birta.is**!